

Ársskýrsla 2019



SÍMEY

SÍMENNTUNARMIDSTÖÐ
EYJAFJARÐAR



Ársskýrsla 2019



Ársskýrsla SÍMEY 2019

Útgefandi:

SÍMEY · www.simey.is
Þórsstíg 4 600 Akureyri

Ábyrgðarmaður:

Valgeir Magnússon

Umsjón:

Fremri Almannatengsl

Hönnun & umbrot:

Ásprent · www.asprent.is

Ársskýrsluna er að finna á heimasíðu Símeý, www.simey.is og þar má nálgast prentvæna útgáfu.

Myndir:

Kristín Björk Gunnarsdóttir,
Helgi Þorbjörn Svavarsson,
Óskar Þór Halldórsson o.fl.

Ávarp stjórnarformanns:

Siglum hraðbyri inn í fjórðu iðnbyltinguna

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar var stofnuð árið 2000 og fagnar því 20 ára afmæli sínu um þessar mundir. Þeim merku tímamótum fögnum við í skugga COVID-19 veirunnar, kórónuveirunnar alræmdu, sem svo sannarlega hefur sett heiminn á annan endann. Þegar þetta er skrifað, í byrjun apríl 2020, er langt frá því að öll kurl séu komin til grafar um það hversu víðtæk áhrif veirunnar verða en skuggi hennar er sannarlega risavaxinn: Dauðsföll og alvarleg veikindi, miklir erfiðleikar og í sumum tilvikum skipbrot í rekstri fjölmargra fyrirtækja, samkomubann, tímabundin einangrun einstaklinga og fjölskyldna – og þannig mætti lengi telja. Það mun koma í ljós á næstu vikum hversu víðtæk og varanleg áhrif COVID-19 faraldurinn hefur á íslenskt samfélag og heiminn í heild sinni svo og hvernig við hefjum uppbyggingar- og endurreisnarstarf þegar storminn lægir. Í því munu felast sóknarfæri fyrir SÍMEY en um það er of snemmt að segja mikið núna. Hins vegar er ljóst að kórónuveirufaraldurinn hefur breytt starfsvettvangi margra og hent okkur á ógnarhraða lengra inn í hina stafrænu veröld. Það má því segja að við siglum hraðbyri inn í fjórðu iðnbyltinguna.



Arna Jakobína Björnsdóttir.

Menntastefna stjórnvalda til ársins 2030 var til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda. Það kemur mér á óvart að framhaldsfræðslan – sem oft hefur verið nefnd fimmta menntastöðin – er varla nefnd á nafn í þessu drögum að nýrri menntastefnu. Á hinn bóginn er það mikið fagnaðarefni að ákveðið hefur verið að færa nám félagsliða af 2. hæfnisprepi yfir á 3. hæfnisprep. Það þýðir að nú geta félagsliðar haldið áfram námi og lokið því með stúdentsprófi. SÍMEY hefur haldið úti námi á svokallaðri félagsliðabru í tæpan áratug og nú loks nær sú brú áfram upp framhaldsskólann. Segja má að með því hafi náðst það markmið laga um framhaldsfræðslu að auka nám og fjölga nemendum sem ljúka prófi á framhaldsskólastigi.

Ársreikningur SÍMEY fyrir árið 2019 sýnir að sem fyrr eru námskeiðstekjur um það bil tveir þriðju hlutar heildartekna miðstöðvarinnar en tekjur vegna rekstrarsamninga og verkefna koma þar á eftir. Miðstöðin er rekin með nokkrum halla en hefur þó ákveðið svigrúm til að mæta honum vegna hagnaðar af rekstri fyrri ára. Ég er engu að síður þeirrar skoðunar að tryggja þurfi að Fræðslusjóður framhaldsfræðslunnar fylgi í hið minnsta verðlagsbreytingum og að hann verði eflur til að sinna hlutverki sínu. Mjög bagalegt er að menntamálaráðuneytið dragi úr hófi fram að úthluta viðbótarfjármagni sem gerir það að verkum að erfitt er að skipuleggja starf SÍMEY til lengri tíma í senn. Það vekur líka furðu að framlag á fjárlögum ríkissjóðs hefur ekki tekið breytingum í fjölda ára.

Ársskýrsla SÍMEY sýnir að líkt og undanfarin ár er lítil aðsókn í bóklegt nám. Til mótvægis hefur verið lögð aukin áhersla á starfstengt nám og nám í skapandi greinum og tækni. Enn fremur er raunfærnimat, hæfnigreiningar og náms- og starfsráðgjöf veigamiklir og vaxandi þættir í starfsemi. Samstarfið við atvinnulífið heldur áfram að aukast í gegnum þessa þætti og hefur aldrei verið eins mikið og síðustu tvö starfsár. Það er fagnaðarefni.

Ég vil þakka samstarfsfólki mínu í stjórn SÍMEY ánægjulegt og gott samstarf á starfsárinu. Ég vil einnig, fyrir hönd stjórnarinnar, þakka starfsfólki SÍMEY vel unnin verk sem og þeim stóra hópi sérfræðinga sem vinnur með SÍMEY við kennslu, þjálfun, raunfærnimat og þróunarvinnu.

Að lokum vil ég nefna að ætlunin var að halda veglega afmælisráðstefnu SÍMEY á hausti komanda til að fagna 20 ára afmælinu. Hvort af ráðstefnunni verður mun tíminn leiða í ljós. Hvernig sem allt fer er ljóst að SÍMEY er vel í stakk búin til að viðhalda færni og auka hæfni sína á sviði símenntunar, íbúum, fyrirtækjum og stofnunum á starfssvæði miðstöðvarinnar til góðs. Á það er markið sett, sem ávallt fyrr.

Akureyri, 7. apríl 2020,
Arna Jakobína Björnsdóttir

1. Starfsemin á árinu

Inngangur

Árið 2019 var tuttugasta starfsár Símenntunar-miðstöðvar Eyjafjarðar (SÍMEY) en í ársskýrslunni er gerð grein fyrir starfsemi miðstöðvarinnar á árinu, fræðsluframboði, samstarfsaðilum og öðrum helstu verkefnum.

Skýrslan er í fimm köflum. Hún hefst á kafla sem fjallar um starfsemina á árinu. Gerð er grein fyrir hverjir sitja í stjórn og hverjir starfa hjá miðstöðinni, húsnaði og fjárhag SÍMEY. Á eftir fylgir kafla um helstu samstarfssamninga og verkefni. Í þriðja kaflanum er greint frá tímabundnum verkefnum og þróunarstarfi. Í fjórða kaflanum er fjallað um fræðslustarf ársins í máli og myndum og skýrslan endar svo venju samkvæmt á samantekt.

Dagleg starfsemi

Miðstöðin er sjálfseignarstofnun sem starfar á sviði fullorðinsfræðslu með það að markmiði að efla símenntun í Eyjafirði og auka samstarf atvinnulífs og skóla til að tryggja samkeppnishæfni atvinnulífs á svæðinu og bjóða einstaklingum hagnýta og fræðandi þekkingu á öllum skólastigum. Einnig er markmið SÍMEY að veita fyrirtækjum ráðgjöf um símenntun og bjóða einstaklingum upp á raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf. Starfsemin miðar að því að bjóða klæðskerasaumaðar lausnir við allra hæfi á sviði sí- og endurmenntunar og framhaldsmenntunar. Markhópurinn er bæði einstaklingar og fyrirtæki á Eyjafjarðarsvæðinu í heild sinni.

Daglegri starfsemi má í mjög grófum dráttum skipta á eftirfarandi hátt:

- Fræðsluvið
- Fyrirtækjasvið
- Ráðgjöf og raunfærnimat
- Þróunarsvið
- Stoðsvið

Eftirtalin verkefni eru innan ofangreindra sviða:


- Dagleg umsjón með námskeiðum og þjónusta við námskeið sem eru í gangi
- Kynningar á starfsemi og símenntunarframboði SÍMEY
- Miðlun og umsjón með námi og námskeiðum annarra fræðsluaðila
- Skipulagning, hönnun og þróun nýrra námskeiða
- Samskipti og þjónusta við fræðsluaðila
- Náms- og starfsráðgjöf fyrir viðskiptavinum, bæði einstaklinga og fyrirtæki/félög/stofnanir
- Parfaggreiningar innan fyrirtækja undir merkjum *Markviss*, *Fræðslustjóri að láni*, o.fl.
- Umsjón með fyrirtækjaskólum/eftirfylgni fræðsluáætlananna
- Raunfærnimat (gagnvart námi og einnig viðmiðum atvinnulífs)

- Hæfnigreiningar starfa
- Umsjón með námskeiðahaldi Fjölmenntar
- Upplýsingamiðlun í gegnum heimasíðu miðstöðvarinnar og samfélagsmiðla á borð við Facebook
- Innsláttur og úrvinnsla gagna í nemendabókhalda SÍMEY
- Þróunarvinna/verkefni á borð við námskrárgerð og þróun verkfæra sem notuð eru í starfinu
- Ýmis sérverkefni

Skipurit og stjórn SÍMEY

Í stjórn SÍMEY eiga sjö fulltrúar sæti. Þeir eru tilnefndir af menntastofnunum, stéttarfélögum, atvinnurekendum, Akureyrarbæ og öðrum sveitarfélögum við Eyjafjörð. Stjórnarmenn SÍMEY, sem kosnir voru til tveggja ára á ársfundi 10. apríl 2019, eru:

Aðalstjórn	Fyrir hönd
Stjórnarformaður:	
Arna Jakobína Björnsdóttir	Opinberra stéttarfélag
Stjórnarmenn:	
Benedikt Barðason	Fræðslustofnana
Ingimar Eydal	Opinberra fyrirtækja
Halldór Óli Kjartansson	Almennra stéttarfélag
Sverrir Gestsson	Almennra fyrirtækja
Axel Grettisson	Sveitarfélagi við Eyjafjörð
Halla Margrét Tryggvadóttir	Akureyrarbæjar
Varastjórn	Fyrir hönd
Hjördís Sigursteinsdóttir	Opinberra stéttarfélag
Erla Björnsdóttir	Opinberra fyrirtækja
Anna Júlíusdóttir	Almennra stéttarfélag
Anna María Kristinsdóttir	Almennra fyrirtækja
María Albína Tryggvadóttir	Sveitarfélagi við Eyjafjörð
Hlynur Már Erlingsson	Akureyrarbæjar



Starfsmenn SÍMEY

Á árinu voru 12 starfsmenn í rúmlega 10 starfsgildum hjá SÍMEY. Þeir eru/voru:

Aníta Jónsdóttir, náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri (lét af störfum 1. apríl).

Emil Bjarkar Björnsson, verkefnastjóri og náms- og starfsráðgjafi.

Helgi Kristinsson, húsumsjónarmaður.

Helgi Þorbjörn Svavarsson, verkefnastjóri og ráðgjafi.

Ingunn Helga Bjarnadóttir, verkefnastjóri og ráðgjafi.

Kjartan Sigurðsson, verkefnastjóri og ráðgjafi (hóf störf 2. janúar).

Kristín Björk Gunnarsdóttir, verkefnastjóri og ráðgjafi.

Kristjana Friðriksdóttir, þjónustufulltrúi.

Kristján Sturluson, verkefnastjóri og ráðgjafi (lét af störfum 1. mars).

Sandra Sif Ragnarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri (hóf störf 1. mars).

Sif Jóhannessdóttir, verkefnastjóri við utanverðan Eyjafjörð (hóf störf 1. febrúar).

Sigrún Björnsdóttir, viðurkenndur bókari.

Sóley Guðmundsdóttir, þjónustufulltrúi.

Valgeir Magnússon, framkvæmdastjóri.



Starfsemi Símeý skiptist í eftirfarandi svið:

- Afgreiðsla og bókhald: Tekur á mót viðskiptavinum SÍMEY, sér um símsvörun, ber ábyrgð á eldhúsi og þrifum, auk margþættrar þjónustu við starfsfólk og samstarfsaðila. Sér um reikningagerð og bókhald miðstöðvarinnar.
- Hús- og tækniúmsjón: Hefur umsjón með rekstri húsnaðis og tæknimálum miðstöðvarinnar.
- Verkefnastjórnun/ráðgjöf: Verkefnastjórnar og náms- og starfsráðgjafar miðstöðvarinnar hafa umsjón með skipulagningu lengri og styttri námskeiða fyrir einstaklinga og atvinnulífið í samstarfi við fræðslusjóði, opinbera aðila, fyrirtæki, stofnanir og stéttarfélög. Ráðgjafar miðstöðvarinnar vinna að því að veita fólki á öllum aldri ráðgjöf og upplýsingar til að auðvelda ákvarðanatöku vegna náms- og starfsvals. Einnig aðstoða ráðgjafar einstaklinga við að takast á við ýmis verkefni sem tengjast námi og starfsþróun. Ráðgjafar miðstöðvarinnar aðstoða m.a. við að finna námsleiðir og starfsvettvang við hæfi.
- Námsverið á Dalvík: Er útstöð frá SÍMEY, rekin í sameiningu af miðstöðinni og Dalvíkurbyggð. Þar starfar verkefnastjóri og náms- og starfsráðgjafi við uppbyggingu námsversins, ráðgjöf og þjálfun, kynningu á náms- og starfsráðgjöf í fyrirtækjum, skipulagningu og umsjón með námskeiðahaldi við utanverðan Eyjafjörð. Þeir vinna með fyrirtækjum að aukinni menntun og fagþekkingu starfsmanna auk þess að koma að ýmiss konar teymis- og verkefnavinnu með öðrum starfsmönnum SÍMEY.



Til viðbótar við fasta starfsmenn SÍMEY komu 153 verktakar að starfseminni sem leiðbeinendur/kennarar, yfirsetufólk, liðveitendur og sérfræðingar. Þessi hópur er mjög fjölbreyttur og kemur bæði úr atvinnulífinu og skólakerfinu á svæðinu.

SÍMEY hefur innleitt aðferðafræði *Straumlínustjórnunar* (LEAN management) og taka fundir og skipulagning mið af þeirri aðferðafræði.

Í starfi SÍMEY er mikið lagt upp úr þekkingaröflun starfsmanna og hefur áherslan í innri fræðslu verið þjálfun í verkefnastjórnun og skipulagsfærni, innleiðing á INNU (nýtt nemendabókhalderfi) fyrir framhaldsfræðsluna, samskipti og vellíðan í starfi og aðferðafræði *Straumlínustjórnunar* (LEAN). Einnig hafa starfsmenn SÍMEY verið duglegir við að afla sér þekkingar á ýmsum öðrum sviðum og hvetur vinnustaðurinn til þess.



Starfsmenn SÍMEY



Valgeir Magnússon
framkvæmdastjóri



Sigrún Björnsdóttir
viðurkenndur bókari



Helgi Þ. Svavarsson
verkefnastjóri og
ráðgjafi



Kristján Sturluson verk-
efnastjóri og ráðgjafi
(lét af störfum 1. mars)



Aníta Jónsdóttir náms-
og starfsráðgjafi og
verkefnastjóri
(lét af störfum 1. apríl)



Sóley
Guðmundsdóttir
þjónustufulltrúi



Kristjana
Friðriksdóttir
þjónustufulltrúi



Emil Bjarkar Björnsson
verkefnastjóri og náms-
og starfsráðgjafi



Kristín B.
Gunnarsdóttir
verkefnastjóri og
ráðgjafi



Ingunn Helga
Bjarnadóttir
verkefnastjóri og
ráðgjafi



Kjartan Sigurðsson
verkefnastjóri
og ráðgjafi
(hóf störf 2. janúar)



Sandra Sif Ragnarsdóttir
náms- og starfsráðgjafi
og verkefnastjóri
(hóf störf 1. mars)



Sif Jóhannsdóttir
verkefnastjóri við
utanverðan Eyjafjörð
(hóf störf 1. febrúar)



Helgi Kristinsson
húsumsjónarmaður

Húsnæði og vinnuástaða

Á Akureyri fer starfsemi SÍMEY eftir sem áður fram að Þórsstíg 4 þar sem eru átta skrifstofur, átta kennslustofur, afgreiðsla, fullbúið eldhús og kaffitorg þar sem nemendur geta haft það gott í matar- og kaffítímum og einnig unnið saman. Námskeiðahald SÍMEY er mikið úti í atvinnulífinu, innan fyrirtækja og stofnana. SÍMEY er m.a. í samstarfi við Verkmenntaskólann á Akureyri um leigu á aðstöðu er snýr að verklegum smiðjum, m.a. í málmsuðu og *FabLab*.

SÍMEY, í samstarfi við Dalvíkurbyggð, heldur úti starfsemi í Námsverinu á Dalvík. Frá hausti 2017 hefur það verið til húsa í Víkurröst þar sem eru tvær kennslustofur og skrifstofa verkefnastjóra. Einnig hefur SÍMEY afnot af húsnæði Tónlistarskólans í samstarfi aðila og öfugt. Í Fjallabyggð er SÍMEY í samstarfi við Menntaskólann á Tröllaskaga um húsnæði og stéttarfélagið Einingu-Iðju.

Fjárhagur

Rekstrartekjur SÍMEY á árinu voru 232,3 milljónir króna. Þar af voru tekjur vegna rekstrarsamninga 35 milljónir, 143,3 milljónir voru tekjur vegna námskeiða, 45 milljónir voru verkefnatekjur og 9 milljónir króna voru aðrar tekjur.

Rekstrargjöld voru 246,8 milljónir króna, fjármagnstekjur voru 2,6 milljónir og var rekstrarniðurstaða neikvæð sem nemur 11,9 milljónum króna.



2. Helstu samstarfssamningar og verkefni

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

SÍMEY er einn af samstarfsaðilum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) og hefur það samstarf verið mikið á síðustu árum. FA er í eigu Alþýðusambands Íslands (ASÍ), Samtaka atvinnulífsins (SA), Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), fjármálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Mennta- og menningarmálaráðuneytið veitir fé til reksturs FA og til Fræðslusjóðs, sem ráðstafar fé til viðurkenndra fræðsluáðila til að mæta kostnaði við námskeiðahald (vottaðar námsleiðir), náms- og starfsráðgjöf og raunfærniat.

Hlutverk FA er að vera samstarfsvettvangur ASÍ, SA, BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytis um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í



samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtakanna. Markmiðið er að veita starfsmönnum, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Starfsemin byggir á samþykktum félagsins og þjónustusamningi sem gerður hefur verið við menntamálaráðuneytið.

FA hefur gert samning við SÍMEY ár hvert og gengur samningurinn út á að bjóða upp á vottaðar námsleiðir, náms- og starfsráðgjöf, raunfærniat, þróunarverkefni o.fl. Meginmarkmiðið með verkefnum þessum er að veita fólki á vinnumarkaði og atvinnuleitendum með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi frá



framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.

Samningur við Starfsmennt, Sveitamennt og Ríkismennt

Á árinu gerði SÍMEY samninga við starfsmenntunarsjóðina Starfsmennt, Sveitamennt og Ríkismennt um greiðslur fyrir þátttöku starfsmanna á námskeiðum hjá SÍMEY. Fræðslusetrið Starfsmennt er í eigu fjármála- og efnahagsráðuneytisins og flestra stéttarfélaga ríkisstarfsmanna innan BSRB. Það býður opinberum starfsmönnum upp á starfstengda símenntun og veitir stofnunum heildstæða þjónustu á sviði starfsþróunar. Ríkismennt er þróunar- og símenntunarsjóður starfsmanna ríkisins og sjálfseignarstofnana á landsbyggðinni innan aðildarfélaga Starfsgreinasambandsins (SGS). Sveitamennt er þróunar- og símenntunarsjóður starfsmanna sveitarfélaga á landsbyggðinni innan aðildarfélaga SGS.

Náms- og starfsráðgjöf

Hjá SÍMEY starfa náms- og starfsráðgjafarnir Sandra Sif Ragnarsdóttir og Emil Björnsson. Auk þeirra starfa einnig verkefnastjórar og ráðgjafarnir Helgi Þorbjörn Svavarsson, Ingunn Helga Bjarnadóttir, Kristín Björk Gunnarsdóttir, Sif Jóhannsdóttir og Kjartan Sigurðsson. Framkvæmdastjóri SÍMEY er Valgeir Magnússon, náms- og starfsráðgjafi.

Verkefni ráðgjafa eru fjölbreytt og þeir sinna margvíslegri



þjónustu, einkum ráðgjöf fyrir nemendur SÍMEY, einstaklinga á vinnumarkaði, einstaklinga í atvinnuleit og þá sem fara í raunfærnimat. Einnig koma ráðgjafar að öðrum verkefnum svo sem kennslu, þarfagreiningu, aðstoð við styrkumsóknir í sjóði og til stéttarfélaganna, utanumhald og ráðgjöf fyrir fólk af erlendum uppruna og flóttafólk. Einnig sinna þeir stuðningi og ráðgjöf fyrir skjólstaðinga Fjölmennar.

Ráðgjafar skipuleggja einnig námsleiðir og námskeið og hafa umsjón með stundaskrágerð. Náms- og starfsráðgjafar taka þátt í hugmyndavinnu og þróunarverkefnum, auk þess að taka þátt í hæfnigreiningu starfa sem og gerð „starfaprófila“ fyrir ákveðin störf. Ráðgjafar nýta sér *Markviss þarfagreiningu* og bjóða upp á *Fræðslustjóra að láni*. Þá eru ráðgjafar í ýmsum þróunarverkefnum s.s. að nýta rafrænar lausnir í greiningarvinnu og ráðgjöf.

Þessi upptalning er ekki tæmandi en þetta eru þeir verkþættir sem eru meira og minna þeir sömu á milli ára, þó að vægi þeirra sé mismunandi eftir aðstæðum hverju sinni.

Á árinu 2019 voru tekin um 650 viðtöl í náms- og starfsráðgjöf hjá SÍMEY.



Raunfærnimat

Raunfærnimat er stöðugt vaxandi viðfangsefni í starfsemi SÍMEY. Raunfærnimat gengur út á að fólk með mikla starfsreynslu getur fengið hæfni sína og þekkingu metna á mótí námskrá í ákveðnum starfsgreinum. Þeir sem fara í raunfærnimat, í hvaða starfsgrein sem er, skulu að lágmarki vera 23 ára að aldri og hafa að baki að minnsta kosti þriggja ára starfsreynslu í starfsgreininni. Raunfærnimat er ferli þar sem metin er þekking og færni fólks í starfi, námi og félagsstörfum. Markmiðið er að geta sýnt fram á reynslu og hæfni viðkomandi í starfi með formlegum hætti, fá starfið metið til styttingar á námi í framhaldinu og að leggja mat á hvernig hver einstaklingur getur styrkt sig í starfi/námi.

Á árinu var boðið upp á raunfærnimat félagsliða, stuðningsfulltrúa og leikskólaliða. Alls tóku 20 manns þátt í raunfærnimatinu með glæsilegum árangri, þar sem hver einstaklingur fékk að meðaltali 55 framhaldsskólæiningar metnar. Hluti af verkefninu var unninn í samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga, þar luku 5 þátttakendur raunfærnimati félagsliða.

Í júní lauk 10 manna hópur við utanverðan Eyjafjörð raunfærnimati í fisktækni. Útskriftin fór fram í húsnæði Einingar-Iðju á Siglufirði en sex af þessum tíu einstaklingum eru starfsmenn í rækjuvinnslu Ramma hf. á Siglufirði, þrír hjá fiskvinnslufyrirtækinu Ektafiski ehf. á Hauganesi og sá tíundi er sjómaður.

Í október luku 22 einstaklingar til viðbótar raunfærnimati í fisktækni hjá SÍMEY. Flestir hafa starfað í fiskvinnslu en einnig voru raunfærnimetnir einstaklingar sem hafa starfað í fiskeldi og við sjómennsku.

Á árinu 2019 fóru um 70 manns í gegnum raunfærnimat hjá SÍMEY.



Samstarf við atvinnulífið

SÍMEY var í góðu samstarfi við atvinnulífið í Eyjafirði á árinu, líkt og undanfarin ár.

Þarfagreiningar innan fyrirtækja og stofnana undir merkjum *Markviss* hugmyndafræðinnar hafa nýst vel til að aðstoða við gerð fræðsluáætlana og uppbyggingu starfsþróunar starfsmanna. Slík verkefni hafa myndað mikilvægar tengingar við atvinnulífið sem leitt hefur til frekara samstarfs eins og uppbyggingu fyrirtækjaskóla. Afar gott samstarf hefur verið við fræðslusjóði stéttarfélaganna sem hafa styrkt þarfagreiningar undir merkjum *Fræðslustjóra að láni* sem og fræðsluáætlanir innan fyrirtækja og stofnana.

Á árinu lauk SÍMEY við þarfagreiningu fyrir Sæplast, Hornbrekku dvalarheimili, Lemon, SagaTravel, Jafnréttisstofu, Höldur og stjórnsýslusvið Akureyrarbæjar og hóf greiningu hjá Icelandair hótél Akureyri. Frá þessu er nánar greint á öðrum stað í ársskýrslunni.



SÍMEY er í samstarfi við ýmsa aðila um fyrirtækjaskóla fyrir starfsfólk. Þar má m.a. nefna Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Slippinn, Sæplast, Hornbrekku, Dalbæ, búsetusvið Akureyrarbæjar, Plastiðjuna Bjarg, Iðjulund og Skógarlund sem og grunnskóla Akureyrarbæjar. Alls voru haldin 97 námskeið á árinu undir merkjum fyrirtækjaskóla

eða í beinu samstarfi við fyrirtæki og stofnanir. Þátttakendur á þeim námskeiðum voru alls 1.267.

Hæfnigreiningar á vinnumarkaði

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) hefur það hlutverk samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið að skilgreina menntunarfærir markhópsins, m.a. með hæfnigreiningum í samstarfi við atvinnulíf og fræðsluáðila.

FA hefur þróað aðferð við hæfnigreiningar með virkri aðkomu atvinnulífsins. Niðurstöður hæfnigreininga eru „starfaprófilar“ en þeir innihalda skilgreiningu starfsins og hæfnikröfur sem nýtast bæði sem viðmið í námskrám og raunfærnimati.

Á árinu unnu verkefnastjórar SÍMEY að hæfnigreiningu sérþjáfaðs starfsmanns í matvælaíðnaði, sem lauk með samþykktum „starfaprófil“. Þetta verkefni var hluti af stærra verkefni þar sem þrjú störf voru undir en tvö þeirra voru hæfnigreind árið 2018.

Á árinu var einnig unnin hæfnigreining á starfi liðveitanda en sá „starfaprófill“ er ófrágenginn.

Haustið 2018 voru tvö störf í íþróttamannvirkjum hæfnigreind hjá SÍMEY og í framhaldinu voru „starfaprófilarnir“ *Sundlaugarvörður* og *Starf í íþróttahúsi* samþykktir af FA.

Á árinu hóf SÍMEY samstarf við Fræðslusetrið Starfsmennt um endurskoðun á námskránni Þróttur, sem er ætluð starfsfólki íþróttamannvirkja. Námskráin verður endurskoðuð með niðurstöður hæfnigreininganna að leiðarljósi og mun verkefninu ljúka á árinu 2020. SÍMEY sótti jafnframt um breytingu á styrk frá Fræðslusjóði til að ljúka verkefninu með þessum hætti.

Síðastliðin tvö ár hefur SÍMEY tekið þátt í mikilli sókn í símenntun fyrir ferðaþjónustuna. Einn angi af því starfi voru hæfnigreiningar tveggja starfa í ferðaþjónustu. Störfin voru *Þjónusta í sal* og *Móttaka á gistihúsum*. Hæfnigreiningarnar



voru unnar að beiðni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Hæfniseturs ferðaþjónustunnar. Í verkefninu tóku þátt Hótel KEA, Icelandair hótél Akureyri, Strikið og Bryggjan, ásamt Einingu-Iðju og Félagi verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri. Vinnan gekk vel og voru „starfaprófilarnir“ viðurkenndir af hálfu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Í kjölfar hæfnigreiningarinnar hófst svo annað tilraunaverkefni í samstarfi við sömu aðila. Verkefnið felst í

því að þróa og tilraunakeyra raunfærnimat í þessum tveimur störfum samkvæmt viðmiðum „starfaprófilanna“. Áætlað er að þessu verkefni ljúki vorið 2020.

Gæðamál

Í lok október 2018 fékk SÍMEY afhenta staðfestingu á svokallaðri EQM+ gæðavottun en hún tekur til hönnunar, þróunar og umsýslu náms í fullorðinsfræðslu, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Vottunin er til þriggja ára og gildir til loka október 2021. SÍMEY fékk árið 2012 EQM gæðavottun fyrir fræðslustarf en þessi endurnýjaða vottun er víðtækari og tekur, sem fyrr segir, einnig til náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats.

EQM stendur fyrir European Quality Mark og er Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vottunaraðili hér á landi. EQM+ er evrópskt, gegnsætt matsferli fyrir fræðsluáðila sem er hannað til þess að mæta auknum kröfum um gagnsemi náms og gæðaviðmið fyrir fræðsluáðila utan hins formlega skólakerfis. Meðal annars er horft til gæða þjónustunnar sem er veitt, innri gæðastjórnunar, verklagsreglna og hvernig núverandi starfshættir ríma við viðurkennd gæðaviðmið.



Íslenska sem annað mál

SÍMEY heldur utan um og skipuleggur *Íslensku sem annað mál* fyrir erlenda ríkisborgara á Eyjafjarðarsvæðinu. Haldin voru 20 námskeið á Akureyri, Grenivík, Dalvík og í Fjallabyggð á árinu, þar af 11 á vorönn og 9 á haustönn. Boðið var upp á námskeið á fimm ólíkum getustigum báðar annirnar. Starfstengd námskeið voru haldin á vinnustöðum en þá er námsefni aðlagð sérstaklega þörfum hvers fyrirtækis. Boðið var upp á sérstök skriftar- og lestrarnámskeið, ætluð fólki sem kemur úr öðru málumhverfi en okkar. Á vorönn kláruðu 106 nemendur íslenskunám í gegnum hefðbundin íslenskunámskeið sem og námsleiðir FA en þeir voru 98 að haustinu.

Samkvæmt niðurstöðum námskeiðsmats fá íslensku-námskeiðin mjög góða umsögn þátttakenda. Á skalanum frá 1 upp í 5 gáfu nemendur einkunnina 4,6 að meðaltali þegar þeir voru spurðir um álit á námsefninu og hvernig það nýttist



þeim og einkunnina 4,4 gáfu nemendur við spurningunni um hvernig þeir teldu að námið nýttist þeim. Til að auðvelda þátttakendum að fylla út námskeiðsmatið er það nú rafrænt og á fimm tungumálum: íslensku, ensku, tælensku, rússnesku og pólsku.

Það segir sína sögu um mikilvægi kennslu í *Íslensku sem annað mál* að þann 1. nóvember 2019 voru samkvæmt gögnum Þjóðskrár um 49 þúsund erlendir ríkisborgarar búsettir á Íslandi og hafði fjölgað um tæplega fimm þúsund eða um 11% á síðustu ellefu mánuðum. Samkvæmt þessum tölum Þjóðskrár eru rösklega 13% fólks á Íslandi erlendir ríkisborgarar.



Fjölmennt

Starfsemin hjá Fjölmennt var í gamalgrónum farvegi þar sem námskeið í hreyfingu, sjálfstyrkingu, samskiptum og handverki er uppistaðan. Fjárveitingar til málaflokksins hafa verið að dragast saman að raunvirði og ekki útlit fyrir að það breytist á næstunni. Í ljósi aðstæðna hefur því verið lögð áhersla á að reyna að skerða sem minnst námskeiðsframboð til þeirra sem eru með mesta fötun og hafa síður möguleika á að stunda annað uppbot í daglegri rútinu. Áfram verður unnið að því að finna fjármagn fyrir þá einstaklinga sem standa betur, með öðrum fjármögnunarleiðum fullorðinsfræðslunnar.

Sterkari starfsmaður

Í janúar 2018 hófst námsleiðin *Sterkari starfsmaður* fyrir starfsfólk í grunnskólum Akureyrarbæjar, aðra en kennara. *Sterkari starfsmaður* er ein af námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og er megináhersla í náminu upplýsingatækni annars vegar og samskipti og sjálfstyrking hins vegar. Náminu lauk vorið 2019 og luku þá um 150 manns námsleiðinni. Full þátttaka í námsleiðinni leiddi til launahækkunar fyrir þátttakendur og er það mikið ánægju-efni.

Í kjölfar námsins í grunnskólum Akureyrarbæjar var ákveðið að bjóða upp á námsleiðina fyrir ófaglært starfsfólk Dalvíkurbyggðar. Námið hófst haustið 2019 og mun dreifast á fjórar annir og ljúka vorið 2021. Á Dalvík eru nærri 50



þátttakendur. Námið er afar fjölbreytt og meðal námskeiða sem boðið hefur verið upp á eru námskeið sem varða samskipti á vinnustað, sjálfsefningu, *LEAN* straumlínustjórnun og ýmiss konar námskeið á sviði upplýsingatækni.



Starfsemin við utanverðan Eyjafjörð

Námsver SÍMEY á Dalvík er til húsa í Víkurröst. Þar hefur SÍMEY stóra skólastofu til umráða og aðra litla auk skrifstofu og aðgangs að eldhúsi. Í Víkurröst er námsverið í góðri sambúð með Tónlistarskólanum á Tröllaskaga og Tý, félagsmiðstöð sveitarfélagsins. Nokkur samnýting er á kennslurýmum, tækjabúnaði og annarri aðstöðu. Einnig hafa námskeið á vegum SÍMEY verið haldin í húsnæði Dalvíkurskóla. Í Fjallabyggð hafa námskeið verið haldin í húsnæði Einingar-Iðju og Menntaskólanum á Tröllaskaga. Samstarf þar um hefur verið afar gott. Á árinu urðu umsjónarmannskipti í námsverinu, Svanfríður Jónasdóttir gegndi starfinu til janúarloka 2019, en þá tók Sif Jóhannsdóttir við keflinu. Starfsemi SÍMEY í Fjallabyggð, viðvera og heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir stýrist af verkefnum hverju sinni.

Á árinu voru haldin 8 *Íslenska sem annað mál* námskeið, 6 á Dalvík og 2 á Ólafsfirði. Námskeiðin voru bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Á haustönn var haldið spænskunámskeið fyrir byrjendur á Dalvík. Tvær fræðslugreiningar voru gerðar á árinu út með firði samkvæmt vinnuferli *Markviss*. Verkefnin voru unnin fyrir og með Sæplasti á Dalvík og Hornbrekku, dvalarheimili í Fjallabyggð. Þau hófust bæði á fyrri hluta árs og fræðsluáætlanir voru kynntar í september. Í báðum tilvikum hefur SÍMEY í framhaldi haldið utan um framfylgd fræðsluáætlananna innan vinnustaðanna. Þetta er einstaklega góð og skemmtileg vinna þar sem allt starfsfólk kemur að. Í vor lauk framkvæmd fræðsluáætlunar í Dalbæ.

Námsleiðin *Sterkari starfsmaður* var kynnt fyrir stjórnendum hjá Dalvíkurbyggð og fræðslunefnd á fyrri hluta árs. Ákveðið var að bjóða upp á hana fyrir hluta af starfsmönnum



sveitarfélagsins. Kennsla hófst í ágúst og alls hafa yfir 40 manns tekið þátt í tölvunámskeiðum og annarri fræðslu. Snemma á árinu heimsóttu starfsmenn SÍMEY fyrirtæki og stofnanir í Dalvíkur- og Fjallabyggð til að kynna raunfærnimat og þá miklu möguleika sem í því felast. Í framhaldi af þeim heimsóknum fór hópur fólks í gegnum raunfærnimat í fisktækni, matartækni, þjónustugreinum og iðngreinum. Boðið var upp á raunfærnimöppugerð á Siglufirði og Dalvík.



Nám í velferðartækni

Í janúar hófst nám í *Velferðartækni* hjá SÍMEY og var það í fyrsta skipti sem slíkt nám er í boði hér á landi. Um var að ræða nám fyrir starfsfólk í velferðarþjónustu sem varð til í framhaldi af styrk að upphæð 1,2 milljónir króna frá velferðarráðuneytinu til Öldrunarheimila Akureyrarbæjar, velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og SÍMEY til að þróa námsefni og námsleið í *Velferðartækni*.

Námið á sér nokkurn aðdraganda. Fyrir tæpum fjórum árum var unnið stefnuskjal um þróun í velferðarþjónustu og

var í framhaldinu auglýst eftir styrkjum til þess að þróa nám í *Velferðartækni*. Öldrunarheimili Akureyrarbæjar og Reykjavíkurborg sóttu um styrk og síðan komu SÍMEY og Framvegis – miðstöð símenntunar í Reykjavík, að verkefninu. Í febrúar 2018 var sett upp verkáætlun fyrir verkefnið og hafist handa við að móta það; annars vegar að þróa námsefni og hins vegar að prufukeyra námið. Skipaðir voru rýnihópar sem fengu það verkefni að safna saman upplýsingum frá fólki sem vinnur með öldruðum og fötluðum, með það að leiðarljósi að vinna námskrá. Í framhaldinu var gerð námskrá sem er alls 40 klukkustundir á 2. þrepi hæfniramma um menntun hér á landi.

Námið skiptist í fimm námsþætti og er markmiðið með því að auka þekkingu og leikni nemenda til þess að takast á við tækniþróun í velferðarþjónustu sem snýr að nýsköpun í tækni og nýtist við umönnun, verklega aðstoð, hjálpartæki, skipulag á heimilum, þjálfun, endurhæfingu, sérkennslu og atvinnu með stuðningi. Annar þáttur verkefnisins fólst í því að prufukeyra námskrána og var það gert í SÍMEY á vorönninni, sem fyrr segir. Þátt tóku 15 manns frá búsetusviði Akureyrarbæjar, Heilbrigðisstofnun Norðurlands og Öldrunarheimilum Akureyrarbæjar. Námið skiptist upp í tvær staðlotur, með fjarkenndum lotum, verkefnavinnu og vinnustaðaheimsóknunum á milli. Í það heila var námið 40 klukkustundir.

Nú liggur fyrir skýrsla um þetta verkefni og reynsluna af því. Þar kemur fram að námskráin *Velferðartækni* hefur fengið vottun sem viðurkennd námsleið í framhaldsfræðslunni og er nú aðgengileg á námskrárvef mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Þar með geta allar símenntunarmiðstöðvar boðið upp á nám í *Velferðartækni* fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar með aðkomu Fræðslusjóðs.



Samstarfssamningur við Einingu-Iðju

Verkalýðsfélagið Eining-Iðja og SÍMEY gerðu á árinu með sér samstarfssamning sem felur í sér að eftirleiðis mun SÍMEY annast allt námskeiðahald fyrir Einingu-Iðju og veita félaginu ráðgjöf á sviði endur- og símenntunar. Markmið samningsins er að skapa enn fleiri möguleika fyrir félagsmenn Einingar-Iðju til að sækja sér fræðslu og auka við starfstengda hæfni sína.

„Félagið hefur átt mjög gott samstarf við SÍMEY til fjölda ára en með þessum samningi er komin meiri festa í samstarfið. Fulltrúar frá SÍMEY sátu t.d. nýverið fund með fræðslunefnd félagsins þar sem farið var yfir ýmis mál tengd námskeiðahaldi. Slíkir fundir verða haldnir reglulega héðan í frá og mun SÍMEY kappkosta við að endurspeglar þær þarfir er birtast innan félagsins varðandi símenntun. Þá hefur SÍMEY líka tekið að sér að halda utan um dyravardanámskeið sem félagið hefur verið með í samstarfi við Lögregluna á Norðurlandi eystra undanfarna áratugi. Ég bind miklar vonir við þetta samstarf og tel það til heilla fyrir okkar félagsmenn,“ sagði Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Iðju, eftir að samningurinn hafði verið undirritaður.

Eitt dyravardanámskeið hefur þegar verið haldið á vegum SÍMEY og tóku 23 einstaklingar þátt í því en slík námskeið eru forsenda starfsleyfis sem dyraverðir fá útgefið af hendi lögregluembættanna í landinu.



HELP-Start námskeið

Árið 2015 fékk SÍMEY styrk úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar til að kynna sér *HELP-Start* kennsluáferð í ensku fyrir lesblinda. Styrkurinn fólst í fjármagni til að þýða og staðfæra kennsluefni *HELP-Start*, þjálfar kennara og hefja tilraunakennslu með þessari kennsluáferð.

Námsefnið *HELP-Start* byggir á fjölskyngjun. Þá eru sem flest skynfæri virkuð til náms og samvinnu, bóklegu og verklegu námsefni fléttað saman til að örva sem flest skynfæri, þ.e. með snertingu, hreyfingu, sjón og heyrn. Námsefnið er byggt þannig upp að það þyngist stig af stigi samhliða mjög skýrri kennsluáætlun. Vinnan hefst á því að

para saman hljóð og bókstafi einfaldra orða en færast svo smám saman yfir í margbreytilegri stafsetningu. Hjá SÍMEY tekur allt námið fjórar annir. Að þeim loknum eiga þátttakendur að hafa náð það miklum tókum á lestri og ritun í ensku að þeir geti hafið nám á framhaldsskólastigi.

Óhætt er að segja að námskeiðin hafi slegið í gegn. Hóparnir er þétt setnir og þátttakendur upplifa að þeir nái miklum árangri með aðferðinni. Námið er kennt af Kristínu Kolbeinsdóttur sem hefur þjálfararéttindi í aðferðinni. Stefnt er að því að koma á kennaranámskeiði fyrir enskukennara svo þeir geti tileinkað sér aðferðina. Einnig er stefnt á að þýða viðbót við það kennsluefni sem þegar er til. Það efni er ætlað til hraðferðar fyrir þá sem hafa góð tók á ensku.

Endurmenntun atvinnubílstjóra

Endurmenntunarnámskeið atvinnubílstjóra hófust í febrúar 2018. Þau byggja á Evróputilskipun sem Ísland á aðild að á hinu Evrópska efnahagssvæði. Námskeiðin taka til atvinnubílstjóra sem aka bifreiðum í flokkum D1 og D til farþegaflutninga í atvinnuskyni og í flokkum C1 og C til vöruflutninga í atvinnuskyni.

Sjö mismunandi námskeið hafa verið kennd: Skyndihjálpar – aðkoma að slysavettvangi, Fagmennska og mannlegi þátturinn, Farþegaflutningar, Lög og reglur, Umferðaröryggi og bíltækni, Vistakstur – öryggi í akstri og Vöruflutningar. Margir hafa lokið fleiri en einu námskeiði. Reynslan af endurmenntunarnámskeiðunum hefur almennt verið mjög góð. Námskeiðin eru haldin í SÍMEY í samstarfi við ökuskólann Ekil á Akureyri.



Opnar smiðjur

Megintilgangur með námi í *smiðju* er að námsmenn kynnist fjölbreyttum vinnuáferðum þar sem reynir á verkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu og fjölbreytt tjáningarform.

Viðfangsefnið geta verið fjölbreytt en æskilegt er að *smiðjan* henti staðbundnum þörfum á vinnumarkaði. Lengd námsins er 80 klukkustundir og byggir á vottaðri námskrá frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.



Á vegum SÍMEY var boðið upp á tvær gerðir af *Opnum smiðjum* á árinu, þ.e. *FabLab smiðju* og *smiðjur í málmsuðu*.

Frá opnun *FabLab* Akureyri í húsnæði Verkmenntaskólans á Akureyri árið 2017 hefur SÍMEY staðið fyrir fjölmörgum *FabLab* námskeiðum. Þar er farið í ýmis grunnatriði sem opna nemendum sýn inn í nýjan og óþekktan tækniheim og varpa ljósi á hvernig hlutirnir verða til frá hönnun á tölvuskjá til þrívíddarprentunar eða skurðar í laser- eða vínílskurðarvélum.

Almennt er talað um þrens konar málmsuðu: þ.e. *TIG-suðu*, *MIG-MAG suðu* og *PIN-suðu*. Á árinu var boðið upp á námskeið í *TIG-suðu* og *MIG-Mag suðu*. Námskeiðin eru haldin í VMA.

Eins og undanfarin ár var boðið upp á tvenns konar myndlistarsmiðjur í samstarfi við Listfræðsluna. Annars vegar var um að ræða 80 klukkustunda opna *smiðju í málun* þar sem kennd voru grunnatriði í listmálun og hins vegar 200 klukkustunda smiðju sem ber nafnið *Fræðsla í formi og lit*, þar sem nemendur styrkja færni sína í myndlist, listasögu og skapandi starfi. Sem fyrr hafa tveir kennarar kennt nemendum í þessum smiðjum, Bryndís Arnardóttir – Billa og Guðmundur Ármann Sigurjónsson.



Nám og þjálfun

Á haustdögum hófst nám hjá SÍMEY sem hlaut yfirskriftina *Nám og þjálfun*. Námsbrautin tekur til fjögurra meginnámsgreina, íslensku, upplýsingatækni, stærðfræði og ensku, auk lífsleikni. Hún er í upphafi námsins, annars vegar hópefli og hins vegar námstækni. Námið tekur mið af aðalnámskrá framhaldsskóla fyrir þessar námsgreinar en í náminu er sérstök áhersla lögð á mismunandi námsnálgun þátttakenda í náminu og samþættingu náms. Námið nýtist t.d. sérstaklega vel fólki sem hefur lokið raunfærnimati í iðngreinum og stefnir á að ljúka sveinsprófum í sínum faggreinum. Námið er sett þannig upp að fólk geti sótt það með fullri vinnu.

Mannlegi millistjórnandinn

Fyrirtækjasvið SÍMEY leggur áherslu á að bjóða upp á fræðslu fyrir stjórnendur. Þriðja árið í röð bauð SÍMEY, í samstarfi við Hagvang, upp á námskeiðið *Mannlegi millistjórnandinn*. Markmiðið er að bjóða nám fyrir stjórnendur og millistjórnendur sem styrkir þá í störfum sínum. Lögð er áhersla á mannlega þáttinn í starfi stjórnandans, mikilvægi þess að þekkja sjálfan sig og fólkið sitt.

Námið samanstendur af fjórum hálf dags vinnustofum og markþjálfasamtali. Vinnustofurnar eru byggðar upp á fyrirlestrum og hagnýtum æfingum. Fjallað er um orkustjórnun, mannauðsstjórnun, samskipti og leiðtogahlutverk.



Markþjálfun

Nám í *markþjálfun* er í boði hjá SÍMEY, í samvinnu við Evolvía ehf. sem er með ACSTH-vottun frá International Coach Federation sem býðir að ACC-markþjálfanám og framhaldsnám í markþjálfun hjá Evolvía er viðurkennt og uppfyllir öll skilyrði og kröfur ICF (International Coach Federation). Námið í SÍMEY er grunnnám í *markþjálfun*, svokallað ACC-markþjálfanám.

SÍMEY hefur á að skipa 4 markþjálfum og býður upp á *markþjálfun* fyrir bæði einstaklinga og hópa. Þá hefur fyrirtækjasvið SÍMEY sett saman *markþjálfun* sem hentar einkar vel fyrir stjórnendur og teymi innan vinnustaða.



SAMNOR - verkefnastjórn

Í ágúst gerði SÍMEY samning við SAMNOR – samstarf framhaldsskóla á norðaustursvæði – um verkefnastjórn fyrir samstarfið. Framhaldsskólarnir eru: Framhaldsskólinn á Húsavík, Framhaldsskólinn á Laugum, Menntaskólinn á Akureyri, Verkmenntaskólinn á Akureyri og Menntaskólinn á Tröllaskaga.

Skólarnir hafa unnið skipulega saman frá árinu 2015. Hlutverk verkefnastjóra er að undirbúa fundi, skrá fundargerðir og vinna að framgangi þeirra samstarfsverkefna sem ákveðin eru. Verkefnastjóri undirbýr jafnframt ársfund skólanna sem haldinn er á hverju vori.



3. Tímabundin verkefni og þróunarstarf

Hæfnisetur ferðaþjónustunnar

Tilraunaverkefni um fræðslu starfsmanna í ferðaþjónustu, sem hófst á haustmánuðum 2017, hélt áfram í ár. Verkefnið hefur það að markmiði að ná til fyrirtækja í ferðaþjónustu með fræðslu og þjálfun af ýmsum toga. Í verkefninu eru verkferlar fyrirtækja samhæfðir, aðilar skiptast á efni, ráðgjöf og öðru sem að gagni kemur til að auka hæfni starfsfólks í ferðaþjónustu.



Á árinu 2018 var verkáætlunin endurskoðuð og ákveðið var að framlengja verkefnið út árið 2020. Starfsemi þess miðar að því að uppfylla þarfir ferðaþjónustunnar fyrir aukna hæfni og auðvelda fyrirtækjum að fjárfesta í hæfni starfsmanna. Lögð er áhersla á samvinnu við greinina, aðila vinnumarkaðarins, fræðsluaðila og stjórnvöld við að þróa leiðtogafræðslu, námslotur fyrir starfsmenn í ferðaþjónustu, þrepaskipt starfsnám og raunfærnimat í starfsgreinum ferðaþjónustunnar.

Á árinu voru undirritaðir samstarfssamningar um fræðslu í ferðaþjónustu við Lemon á Akureyri, SagaTravel, Höldur, Icelandair hótel Akureyri og Ferðamálafélag Eyjafjarðarsveitar. Þrjú af þessum fimm verkefnum voru styrkt af starfsmenntasjóðum í gegnum verkefnið *Fræðslustjóri að láni*. Farið var í greiningarvinnu á þessum stöðum, fræðslu-

áætlun sett upp og unnið eftir henni. Önnur verkefni sem hófust 2018 voru á finu róli og kláruðust tvö þeirra undir lok árs 2019, annars vegar verkefni með Sigló Hótel á Siglufirði og verkefnið með Strikinu og Bryggjunni.

Útlit er fyrir að verkefnið muni halda áfram á svipuðu róli á árinu 2020 en það mun að miklu leyti ráðast af því hvort Hæfnisetur ferðaþjónustunnar verður sett á fjárlög lengur en til loka árs 2020.

Fjarfundamenning

Verkefnið *Fjarfundamenning* var eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Norðurlands eystra á árinu. Að verkefninu standa SÍMEY og Þekkingarnet Þingeyinga. Viðfangsefni þess er að auka þekkingu og efla notkun á fjarfundum í stjórnsýslu sveitarfélaga á Eyþingssvæðinu. Þau markmið sem skilgreind eru í verkefninu eru:

- Auka þekkingu og efla notkun meðal kjörinna fulltrúa á Eyþingssvæðinu á fjarfundum í nefndum/ráðum/stjórnrum sveitarfélaga.
- Auka þekkingu og notkun starfsmanna og stjórnsýslu sveitarfélaga á Eyþingssvæðinu á fjarfundum í daglegum störfum.
- Gera sveitarfélögin á Eyþingssvæðinu betur í stakk búin til að innleiða „störf án staðsetningar“, t.d. með búsetu og starfsstöðvum í dreifðari byggðum sveitarfélaganna.



Starfssvæði Eyþings er víðfeðmt og sveitarfélögin innan Eyþings afar ólík hvað varðar stærð, íbúafjölda, atvinnu og umhverfi. Í starfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna innan stjórnarsýslunnar fer mikill tími, fjármunir og orka í ferðalög vegna funda og samstarfsverkefna. Þessar miklu fjarlægðir gera þeim sem búa utan „miðkjarna“ erfiðara um vik að taka þátt í sveitarstjórnarstörfum.

Nú hillir undir að allt starfssvæði Eyþings verði tengt við háhraðanet og þá breytast ýmsar forsendur varðandi fundahöld og störf án staðsetningar. Verkefnið fól í sér nokkra greiningarvinnu og í framhaldinu gerð námskeiða og leiðbeininga um fyrirkomulag fjarfunda. Vinna við verkefnið hófst á fyrri hluta árs. Mest áhersla var lögð á greiningarvinnu fyrstu mánuðina, gerð var könnun meðal sveitarstjóra á starfssvæði Eyþings, kafað í lög og reglugerðir og ýmsar aðstæður greindar. Skilgreint var vinnulag og verklagsreglur við framkvæmd fjarfunda sveitarfélaganna, hvort tveggja með tilliti til starfsmanna og kjörinna fulltrúa og nefndarmanna. Tæknimál voru skoðuð út frá þörfum sveitarfélaga með tilliti til fundahalda og öryggis. Því næst hófst vinna við gerð leiðbeininga og námskeiða. Samvinna símenntunarmiðstöðvanna var afar góð og fór að stóru leyti fram í gegnum fjarfundi.

Þegar leið á verkefnið var ljóst að ekki hentaði að halda námskeið fyrir þennan markhóp meðan fjárhagsáætlanagerð sveitarfélaganna stóð sem hæst. Því var ákveðið, í samráði við Eyþing, að fresta námskeiðahaldi fram á árið 2020.

Fjölverkjanám í Slippnum

Í nóvember fór námsleiðin *Fjölverkjar* af stað í Slippnum á Akureyri. Nokkuð er um liðið síðan boðið hefur verið upp á þá námsleið hjá Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar en ákveðið var að bjóða upp á námið sem hluta af fræðsluáætlun Slippsins. Hugmyndin að námskránni *Fjölverkjar* kom upphaflega frá Slippstöðinni á Akureyri, nú Slippnum Akureyri ehf. en SÍMEY hannaði námið í samvinnu við Slippstöðina, Einingu-Iðju og Félag byggingamanna Eyjafirði árið 2003. Aðdragandann að þessu námi í Slippnum nú í haust má rekja til verkefnisins *Fræðslustjóri að láni* sem unnið var vorið

2016. Við greiningu fræðsluþarfa kom fram þörf hjá fyrirtækinu sem sneri að öryggismálum, kostnaðarvitund, umhverfismálum og að efla verkunnáttu ófaglærðra starfsmanna Slippsins. Við nánari skoðun kom í ljós að námskráin *Fjölverkjar* reyndist geta tekið vel á þessum þáttum. Því var ákveðið að reyna að setja *fjölverkjanámið* upp sérstaklega fyrir ófaglærða verkamenn Slippsins á vinnutíma.


Undirbúningur að náminu hófst á vordögum en um undirbúninginn sá starfshópur innan Slippsins auk verkefnastjóra hjá SÍMEY. Í nóvember hófst kennsla að fullu og vinna nú tíu iðnverkamenn að því að efla sig í starfi undir leiðsögn þriggja sérþjálfaðra starfsmanna Slippsins.

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um námið á vef fræðsluritsins Gáttar <https://gatt.frae.is/2019/verka-mannaskoli-slippsins-fjolvirkjanam-a-vinnutima/>

Erasmus+ styrkur

Á vordögum 2018 fékk SÍMEY styrk frá Erasmus+ til tveggja verkefna erlendis, fyrir 5 starfsmenn. Annars vegar var um að ræða upplýsingatækninámskeið í Valencia á Spáni sem tveir starfsmenn sóttu um haustið sama ár og hins vegar námskeið í fjölmenningu sem haldið var á Ítalíu í september 2019. Um fyrri námskeiðið hefur áður verið fjallað í fyrri ársskýrslu og það því ekki tíundað frekar hér.

Dagana 15.-22. september dvöldu þrír verkefnastjórar SÍMEY í Bologna á Ítalíu, þau Helgi Þorbjörn Svavarsson, Ingunn Helga Bjarnadóttir og Kristín Björk Gunnarsdóttir. Þau sóttu afar vel heppnað námskeið á vegum IFOM sem fjallaði um fjölmenningarlega nálgun í kennslustofunni, nýjar kennsluáferðir og aukna vitund um eigin fordóma. Hluti af efni námskeiðsins hefur verið reifaður fyrir öðru



starfsfólki SÍMEY sem og kennurum sem kenna *Íslensku sem annað mál*.

Forvarnadagur Streituskólans og SÍMEY

Forvarnadagur Streituskólans og SÍMEY var haldinn 17. október í Menningarhúsinu Hofi. Um var að ræða málþing sem hugsað var fyrir stjórnendur og starfsfólk fyrirtækja. Rauði þráðurinn í fræðsluerindunum sem flutt voru, var hvernig koma megi í veg fyrir að fólk lendi í víthringi streitu



og kulnunar í starfi. Einnig hvernig staðið er að endurkomu til starfa.

Um hundrað manns sóttu málþingið og var gerður góður rómur að þeim fjölmörgu fræðsluerindum sem þar voru flutt sem og málþinginu í heild sinni

Starfsþróun lítilla fyrirtækja í ferðaþjónustu

Á vormánuðum 2017 fékk SÍMEY 2.850.000 kr. styrk úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu til þess að þróa líkan fyrir starfsþróun lítilla fyrirtækja og/eða einyrkja í ferðaþjónustu. Verkefnið tók til ferðaþjónustufyrirtækja í Eyjafjarðarsveit og var Ferðamálafélag Eyjafjarðar samstarfsaðili í því en það eru samtök tuttugu og fjögurra fyrirtækja og stofnana í ferðaþjónustu í Eyjafjarðarsveit – auk tveggja heiðursfélaga.


Verkefnið bar yfirskriftina *Raunfærimat og starfsþróun í ferðaþjónustu* og snerist um að finna með hvaða hætti mætti nýta aðferðir framhaldsfræðslunnar til þess að efla starfsþróun innan einyrkjafyrirtækja í ferðaþjónustunni. Markmiðið var að búa til líkan sem hægt væri að styðjast við til að efla starfsþróun einyrkja í ferðaþjónustu og þar með að efla fyrirtækin og auka gæði þeirra. Sett var upp námskeið til þess að finna út hvernig fyrirtækin gætu unnið nánar saman og eftt markaðssetningu.

Verkefninu lauk á árinu og liggur fyrir skýrsla um það sem umsjónarmenn verkefnisins hjá SÍMEY, Kjartan Sigurðsson og Helgi Þ. Svavarsson, unnu.

Nýsköpunar- og þróunarstyrkur úr Fræðslusjóði

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar fékk í júní úthlutað nýsköpunar- og þróunarstyrk úr Fræðslusjóði að upphæð 3 milljónir króna til þess að þróa matstæki sem gerir fólki kleift að fá greiningu á almennri starfshæfni sinni. Matstækið verður aðgengilegt almenningi á veraldarvefnum.

Styrknum hefur verið varið til fyrsta áfanga verkefnisins, sem hófst á liðnu sumri. Hér er um afar víðtækt verkefni að ræða. Það felur í sér þróun og aðlögun matstækja til þess að meta almenna starfshæfni. Í því felst einnig forritun og þróun vefjar og mun væntanlega taka nokkur ár að fullvinna verkefnið.




4. Fræðslustarfið í máli og myndum

Námskeið á árinu

Umtalsverð aukning varð í námskeiðahaldi á milli ára. Alls voru haldin 330 (231) námskeið í sex flokkum á Akureyri og í Eyjafirði og kenndar nemendastundir voru samtals 67.086 (60.886) klukkustundir.

- Námsleiðir FA, sem eins og nafnið gefur til kynna, eru allar vottaðar námskrár frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
- Fjölmennt eru námskeið á vegum fullorðinsfræðslu fatlaðra.
- Starfstengd námskeið og persónuhæfni er flokkur sem telur námskeið sem annars vegar er ætlað að efla einstaklinga faglega í starfi, ekki síst í tengslum við fyrirtækjaskóla, og námskeið í samstarfi við vinnustaði og hins vegar námskeið sem beinast að því að styrkja og efla einstaklinginn í persónufærni. Einnig námskeið fyrir stjórnendur.
- Íslenska sem annað mál.
- Tómstundir.
- Fyrirtækjaskólar.




Fjöldi þátttakenda

Alls sóttu 4.639 (3.924) einstaklingar námskeið á vegum SÍMEY á árinu. Að auki nýttu um 700 manns sér aðra þjónustu í tengslum við náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat og annað.

Kynjahalli í hópi viðskiptavina SÍMEY minnkaði til muna á árinu. Árum saman hafa konur verið um 70% þátttakenda og karlar um 30% en þetta hlutfall var u.þ.b. 60% konur og 40% karlar á árinu. Stöðugt er leitast við að rýna námsframboðið með kynjagleraugum og fjölga viðskiptavinum í hópi karla. Merkja má ákveðna aukningu hvað varðar karlmenn í tengslum við raunfærnimat, t.d. í iðngreinum og fisktækni.

Hvað varðar hlutfall kynjanna í nemendastundum, er umtalsverð aukning hjá karlmonnum. Ákveðnar námsleiðir hafa höfðað vel til karlmanna og eru endurmenntunarnámskeið atvinnubílstjóra besta dæmið um það.



Fjöldi nemendastunda


Kenndar nemendastundir eru mælikvarði á umfang fræðslustarfs. Sá mælikvarði fæst með því að margfalda fjölda nemenda á hverju námskeiði með fjölda kenndra klukkustunda á sama námskeiði.

Nemendastundum á árinu fjölgaði úr 60.886 í 67.086, eða um rúm 10%.

Flokkun þátttakenda eftir kyni

Eins og þegar hefur komið fram eru konur í meirihluta þeirra sem sækja sér sí- og endurmenntun. Kynjaskipting í hverjum námskeiðsflokki um sig er aðeins mismunandi en í öllum tilfellum hafa konurnar þó vinninginn, nema í endurmenntun atvinnubílstjóra og raunfærnimati. Þar eru karlarnir fleiri, hvort heldur litið er til fjölda nemenda eða nemendastunda. Í endurmenntun atvinnubílstjóra eru karlar um 98% þátttakenda.

Ný persónuverndarlöggjöf gerir það að verkum að SÍMEY hefur minni aðgang en áður að persónuupplýsingum þátttakenda. Vegna þessa liggja ekki fyrir upplýsingar um kyn og aldur rúmlega 2.000 þátttakenda í námskeiðum á vegum fyrirtækjasviðs SÍMEY á árinu.



5. Samantekt

Talsverðra breytinga gætur í rekstrarumhverfi miðstöðvarinnar. Munar þar mest um minna fjármagn úr Fræðslusjóði framhaldsfræðslunnar í vottað nám, en úthlutun 2020 er 61 milljón króna sem er mikill samdráttur frá meðaltali sem nemur 73 milljónum króna síðustu ár. Ljóst er að Fræðslusjóður hefur heldur ekki notið aukinna fjárveitinga af hálfu ríkisins. Einnig er það mikið áhyggjuefni að menntamálaráðuneytið hafi ekki lokið vinnu við reiknilíkan sem stýrir fjárveitingu til miðstöðvanna og kynnt var á vordögum 2019 en engin ákvörðun liggur fyrir. Ljóst er að ef SÍMEY nýtur ekki svipaðs fjármagns og miðstöðinni hefur borist frá árinu 2016, þarf að endurskoða starfsemi. Einnig er það áhyggjuefni að vinna við ný lög um framhaldsfræðslu hefur ekki hafist að nýju og í því samhengi má líka nefna menntastefnu stjórnvalda. Á þessu stigi er ekki vitað hvort framhaldsfræðslan eigi þar hlutverk.

Þrátt fyrir að blikur séu á lofti í rekstrartekjum og faglega, hefur margt gengið vel hvað varðar stefnu og faglegt starf. Á árinu 2019 var mesta framkvæmd SÍMEY í raunfærnimati frá upphafi og var það tilkomið vegna uppsöfnunar verkefna og fjármagns. Aukið samstarf við stéttarfélag, starfsmenntasjóði og starfsmenntasetur er jákvætt og hefur mjög jákvæð áhrif á þátttöku fólks í fræðslustarfi. Þróun náms á vinnumarkaði og innan vinnustaða er einnig mjög jákvætt og gæti haft mikla skírskotun inn í framtíðarásoranir. Mikinn vöxt má greina í samstarfi við atvinnulífið og hefur námskeiðum innan vinnustaða fjölgað mikið.

Á árinu 2020 verður haldið áfram að leita leiða og þróa námsleiðir FA innan atvinnulífs og í samstarfi við það. Slíkt raungerir nám betur og þá er einnig hægt með skjótvirkum hætti að ná til atvinnulífs og markhópa. Sá möguleiki sem miðstöðvarnar hafa til að aðlaga námsframboð hverju sinni innan fjárúthlutunar er afar jákvætt og gefur tækifæri til að bregðast við ólíkum þörfum hverju sinni.

Mikilvægt er einnig að stuðla að þróun raunfærnimats eins og kynnt hefur verið hér í starfsáætluninni og að framhaldsfræðslan komi enn frekar að hæfnimati og starfsþróun fólks á vinnumarkaði, ekki síst í ljósi mikilla breytinga á íslenskum vinnumarkaði á komandi árum.

Áhersla starfsársins 2020 verður að sinna vel grunnþáttum miðstöðvarinnar; vottuðu námi, raunfærnimati og náms- og starfsráðgjöf. Einnig hefur vinna við þróunarverkefni og aðallega hæfnigreiningar vaxið mikið og það nýjasta er að yfirfæra hæfnigreiningar að raunfærnimati. Ef það heppnast vel er kominn mjög áhrifamikill vinkill á hæfnipuppbyggingu á vinnumarkaði. Gera má ráð fyrir að haldin verði um 300 námskeið (stök námskeið, vottað nám og námskeið innan fyrirtækjaskóla) á árinu 2020.

Stór hópur sérfræðinga vinnur með SÍMEY við kennslu, þjálfun, raunfærnimat og þróunarvinnu. Um 150 aðilar komu að samstarfi við miðstöðina á ársgrunni. Um er að ræða kennara framhaldsskólanna og sérfræðinga úr atvinnulífinu. Einnig hefur stór hópur aðila úr atvinnulífinu, stéttarfélagum, skólakerfinu og úr markhópi framhaldsfræðslunnar unnið með SÍMEY í þeim verkefnum er snúa að hæfnigreiningum í ferðaþjónustu og sjávarútvegi. Um er að ræða þverfaglegan hóp fólks úr atvinnulífinu sem hefur komið að þessum stóru verkefnum. Hlutverk þeirra hefur verið tvíþætt. Annars vegar sem stýrihópar sem móta stefnu verkefnanna og áherslur og síðan hafa verið greiningarhópar starfsmanna. Þessi vinna hefur skilað SÍMEY enn sterkari tengingu við hagsmunaaðila, samfélag og atvinnulíf. SÍMEY á í farsælu samstarfi við skólasamfélagið í Eyjafirði og eru verkefni og samstarf aðila á milli, mismikið þó eftir eðli og starfsemi stofnana.

Eitt af markmiðum ársins er að efla þann hóp sem kemur að kennslu fyrir markhópin, leiðbeinendur, kennara og þjálfara. Stefnt verður á að halda kennslufræðileg námskeið er tengjast fullorðinsfræðslu, upplýsingatækni, námsmati o.fl. Einnig að styðja ákveðna hópa kennara og byggja upp fagþekkingu þeirra og deila reynslu þeirra.

Hjá SÍMEY starfa 12 starfsmenn í rúmlega 10 stöðugildum. Búast má við að þátttakendum á ársgrundvelli, sem sækja nám og námskeið og nýta sér aðra þjónustu SÍMEY, haldi áfram að fjölga á yfirstandandi ári eða haldist stöðugur. Því má gera ráð fyrir að heildarfjöldinn verði um 4.500 manns og haldin námskeið verði um 300, sem fyrr segir.

Rekstrarumhverfi símenntunarmiðstöðvanna er kröfuhart og mjög verkefnatengt, eins og komið hefur fram. Slíkt heldur þessu starfsumhverfi vissulega á tánum og gefur starfseminni mikla tengingu við markhópa framhaldsfræðslunnar. INNA fyrir framhaldsfræðsluna og innleiðing hennar gerir það að verkum að endurgreiða þarf það fjármagn sem ekki nýttist og einnig greiða miðstöðvarnar fyrir brottfall nemenda. Á móti kemur að INNA ýtir undir aukid sjálfstæði símenntunarmiðstöðvanna varðandi umsýslu náms, einingar og fleira, sem og eykur sýnileika notenda varðandi símenntun þeirra, nám, starfsþróun og raunfærnimat.

Lokaorð

Miklar breytingar munu verða í þessu landslagi á komandi árum m.t.t. 4.iðnbyltingarinnar og mikilvægt að stutt verði með ráðum og dáð við þennan geira með umgjörð, lagasetningu og fjármagni. Hjá fámennri og framsækinni þjóð skiptir máli að nýta þá innviði og mannauð sem til er. Framhaldsfræðslan á Íslandi hefur tök á að mæta því hlutverki en stuðning og meðbyr stjórnvalda þarf til að svo verði.

Pegar þetta er skrifað, geisar heimsfaraldur í tengslum við COVID-19. Ljóst má vera að hann mun hafa viðvarandi og mikil áhrif á samfélög heims. Samfélagslegar breytingar munu verða umtalsverðar. Í kreppum og áföllum skipta stuðningskerfin öllu máli. Framhaldsfræðslan er kerfi sem grípur fólk, getur brugðist við og aðlagð sig hratt breytingum og er skemmst að minnast að einmitt það gerði hún í kjölfar fjármálahrunsins 2008. Vonir standa til að stutt verði dyggilega við þetta mikilvæga kerfi sem hefur sannað sig svo vel, stuðlað að hækkun menntunarstigs og bættum lífsgæðum einstaklinga. Nú sem aldrei fyrr þarf að standa við bakið á framhaldsfræðslunni til að hún geti rækt hlutverk sitt. Stuðningurinn þarf að koma fram í viðurkenningu hennar og í fjárstuðningi sem er lykilatriði í þeim aðgerðum sem bíða handan við hornið.



